

ÍRB fundur 22. nóvember 2011

Mættir: Hjördís, Hilmar, Ant, Munda, Anna, Lúðvík, Júlíus, Falur, Sigurbór, Elsie, Harpa, Helga A og Sigurbjörg. Herdís og Guðný boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir hana og hún samþykkt.

2. Aðventumót um helgina

Sundmótið hefst kl. 18:15 á föstudagi. Laugardagur 10:00-11:30 og 16:00 – 17:15. Sunnudagur 10:00-11:00 og 16:00 – 17:15. Mótið er fyrir Sverðfiska og eldri. Jólamót þessara hópa. Fá jólasvein og mandarínur. Væri gaman að hafa boð þar sem allir koma með eitthvað á hlaðborð. Kaupa djús, mandarínur, pappadiska, servéttur og hella upp á kaffi (Anna). Sibba sendir tölvupóst á alla foreldra, hvetja alla til að hjálpa á mótinu, taka að sér riðlastjórn. Þeir sem eiga sundmann í Sverðfiskum og eldri skrá sig á þar til gerða síðu hvað þeir ætla að koma með á hlaðborðið.

3. Langsundsmót 2. des og jólamót 7. des

Langsundmót í 50m laug 2. des kl. 17:30. Jólamót fyrir yngri sundmenn kl. 17:30 7. des.

4. Sheffield

Bjóða foreldrum að ákveða sjálfum hvort sundmenn fara á mótið eftir mótið núna um helgina. 8. janúar er ljóst hverjir komast af B-tínum inn en við þurfum að greiða farið um miðjan desember. Þurfum two fararstjóra. Verðmiðinn verður um 75.000 með öllu; flug, lest, gisting og matur. Auglýsingarmiði með upplýsingum um ferðina og markmið hennar. Elsie verður fararstjóri og reynumað fá Cörlu til að vera til vara ef eitthvað kemur upp á. Sibba ræðir við Cörlu.

5. Danmerkurferð

Framtíðarhópur er allur að fara nema kannski einn sundmaður. 20 sundmenn að fara 30. júlí til 6. ágúst. Kostnaður verður um 150.000 kr. Mikill áhugi á að Afrekshópur fari einnig til Danmerkur. Ant ræðir við Edda um laugarpláss, far og gistingu. Verðum að hafa foreldrafund fljótlega og kynna báðar ferðirnar fyrir foreldrum, þ.e. Sheffield og æfingarfrð. Síðan þarf að athuga með fararstjóra fyrir ferðirnar en það skiptist á milli deilda.

6. Önnur mál

- a) Hilmar kaupir nýjan Laser prentara á morgun.
- b) Munda og Hjördís kanna nýja fjárflovn.
- c) Jólastjórnarfundur 13. desember.
- d) Landsbankamót. Þurfum að klára auglýsingu fyrir mótið. The Landsbanki Olympic Trials in Iceland. Kostnaður kr. 1.500 fyrir hverja skráningu sett fram í evrum. Skráning á irb@visir.is. Miði í Bláa Lónið fylgir til hvers erlends sundmanns sem skráir sig.

e) Sigurþór fór yfir tæknileg vandmál í lauginni. Rafmagnsboxið fullt af vatni og ekki víst að padsar í fjarenda virki. Einnig eru talningarspjöldin ekki í nógu góðu standi.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Fundargerð ritaði Sigurbjörg Róbertsdóttir